

Eiríkur Rögnvaldsson:

UM ORÐARÖÐ Í ÍSLENSKU

Fyrirlestur á vegum Íslenska málfræðifélagsins 8. nóvember 1982

1. Grundvallarorðaröð

- 1.1 Tvær merkingar: a) Algengasta eða "hlutlausasta" orðaröð í yfirborðsgerð (Greenberg); b) Orðaröð allra setninga í djúppgerð (Chomsky).
- 1.2 Grundvallarorðaröð íslensku. Ummæli nokkurra málfræðinga:
- "Einföldust er sú röð orða, að fremst sé frumlagið, en þá umsögnin (sögnin), og síðan aðrir hlutar setningar (þiggjandi, andlag, o.s.frv.) ... (Jakob Jóh. Smári 1920).
- Frumlag - sögn er "The simple and most common word order" og "normal order" (Stefán Einarsson 1949).
- "The normal or most usual word order in declarative sentences in Icelandic is subject + verb ..." (Jón Friðjónsson 1978).
- "Das Isländische hat im allgemeinen die Wortreihenfolge: Subjekt, Verb, indirektes Objekt, direktes Objekt" (Magnús Pétursson 1978).
- Röðin frumlag - sögn - andlag er "neutral" (Höskuldur Þráinsson 1979).
- "the most usual, or unmarked, word order in declarative sentences is subject + finite verb + ..." (Maling 1980).
- S → Ny+Sy(Ay) (Jón Gunnarsson 1973).
- S → Nl+Sl+(Al) (Kristján Árnason 1980).
- S → Nl Hl ((ao) ao) Sl (Fl) (Fl) (Höskuldur Þráinsson 1982).
- Niðurstaða: Grundvallarorðaröð íslensku er S(frumlag) - V(sögn) - O(andlag). Til þess benda: a) Tíðni; b) Hlutleysi; c) Fæstar og einfaldastar ummyndanir.

2. Færslur til hægri

2.1 Tegundir færslna:

2.1.1 Fráfærsla (FF, Extraposition):

- (1)a Að María elski Jón er ólíklegt  
 b Það er ólíklegt að María elski Jón
- (2)a Hvort María elskar Jón er óvíst  
 b Það er óvíst hvort María elskar Jón

- (3)a Ritdómur um bókina birtist í gær  
 b Ritdómur birtist í gær um bókina
- (4)a Það þótt Chomsky tali um pólitík er meinlaust  
 b Það er meinlaust þótt Chomsky tali um pólitík
- (5)a Fleiri en þú heldur komu til álita  
 Fleiri komu til álita en þú heldur

Niðurstaða: FF færir setningar út úr N1 (1)-(2) og ýmsa liði af hægri grein samsetts liðar (3)-(5).

2.1.2 Frestun óákveðins frumlags (FÓF, Indefinite Subject Postposing):

- (6)a Maður er í dyrunum  
 b Það er maður í dyrunum
- (7)a Margir komu í afmæli Jóns  
 b Það komu margir í afmæli Jóns
- (8)a Einhverjir pörupiltar hafa skotið köttinn  
 b Það hafa einhverjir pörupiltar skotið köttinn
- (9)a Hann er í dyrunum  
 b \*Það er hann í dyrunum
- (10)a Stefán kom í afmæli Jóns  
 b \*Það kom Stefán í afmæli Jóns
- (11)a Pörupiltarnir hafa skotið köttinn  
 b \*Það hafa pörupiltarnir skotið köttinn

Niðurstaða: FÓF færir þá frumlagsnafnliði sem eru óákveðnir (þ.e. ekki pfn., ekki sérnöfn og hafa ekki ákv. gr.).

2.1.3 Frestun þungs nafnliðar (FPNL, Heavy NP Postposing):

- (12)a Jón lánaði gömlu konunni frá Akureyri bókina  
 b Jón lánaði bókina gömlu konunni frá Akureyri  
 c \*Jón lánaði bókina henni/Siggu/mér
- (13)a ?Vésteinn málaði gamla upplitaða Skóðann sinn með öllum ryðgötunum rauðan  
 b Vésteinn málaði rauðan gamla upplitaða Skóðann sinn með öllum ryðgötunum  
 c \*Vésteinn málaði rauðan Skóðann/bílinn/hann

Niðurstaða: FPNL færir "þunga" (þ.e. margyrta eða samsetta) N1 til hægri í setningum.

2.1.4 Umröðun frumlags og sagnar (UFS, Subject-Verb Inversion):

- (14)a Jón kom hingað í gær  
 b Í gær kom Jón hingað  
 c Hingað kom Jón í gær  
 d \*Í gær kom hingað Jón  
 e \*Hingað kom í gær Jón

- (15)a Hún gaf Sveini bókina  
 b Bókina gaf hún Sveini  
 c Sveini gaf hún bókina  
 d \*Bókina gaf Sveini hún  
 e \*Sveini gaf bókina hún

Niðurstaða: UFS færir frumlagið næst til hægri við sögnina, ef einhver annar liður er færður fremst.

## 2.2 Hvað greinir á milli færslanna? Hefðbundnar skoðanir:

2.2.1 FF færir ýmsa liði, þó einkum Fl og S; FÓF færir aðeins óákveðna frumlagsnafnliði; FPNL færir þunga andlagsnafnliði; UFS færir alla frumlagsnafnliði, létta og þunga, ákveðna og óákveðna

2.2.2 Við UFS kemur frumlagið næst á eftir sögninni; liðir færðir með FF og FPNL koma venjulega aftast; en FÓF getur skilið frumlagið eftir á ýmsum stöðum.

2.2.3 Við FF (ef frumlagsliðurinn er tæmdur) og FÓF kemur það í staðinn fyrir framan sögnina; við UFS kemur NI eða AI (Fl) fremst.

2.2.4 Gert er ráð fyrir að FF og FÓF séu orsök þess að stungið er inn það, eða annar liður færður fremst; hins vegar er UFS talin afleiðing þess að annar liður er fluttur fremst.

## 2.3 Munurinn endurskoðaður

## 2.3.1 Hvað færirst?

- (16)a Ég sá einhvern mann þarna í gær  
 b Ég sá þarna í gær einhvern mann  
 c \*Ég sá þarna í gær hann/strákinn/Guðmund

- (17)a Strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra er flúinn  
 b Það er flúinn strákurinn sem barnaði Maríu í fyrra  
 c \*Það er flúinn hann/strákurinn/Pétur

## 2.3.2 Lendingarstaður:

- (18)a Pétur Jónsson er nýlega látinn í hárrí elli  
 b Nýlega er látinn í hárrí elli Pétur Jónsson

- (19)a Að María hefur verið barin yrði augljóst ef hún kæmi fram í dagsljósið  
 b Það yrði augljóst að María hefur verið barin ef hún kæmi fram í dagsljósið

### 2.3.3 Hvað kemur í staðinn?

- (20)a Margir komu að hitta mig í dag  
 b Í dag komu margir að hitta mig
- (21)a Sveinn býr í þessu húsi  
 b (✕) Það býr Sveinn í þessu húsi

### 2.3.4 Orsök og afleiðing:

- (22)A Hefur nokkur hérna séð Guðmund eða Pétur?  
 B Guðmund sá einhver núna rétt áðan, en Pétur er alveg horfinn

## 3. Af hverju er liðum frestað?

### 3.1 FF gerir stundum ótækar setningar að tækum:

- (23)a✕Ég veit að að Jón skuli vera farinn er ótrúlegt  
 b Ég veit að það er ótrúlegt að Jón skuli vera farinn

En þetta skýrir ekki FF líkt því alltaf. Og af hverju að fresta óákveðnum liðum og þungum?

### 3.2 Dreifing upplýsingagildis:

#### 3.2.1 Frestun nýrra upplýsinga:

"Ein zweites machtvolles Gesetz verlangt, dass das Wichtigere später steht als das Unwichtige ... es stehen die alten Begriffe vor den neuen." (Behaghel 1932).

#### 3.2.2 Gamalt - nýtt:

"Given (or old) information is that knowledge which the speaker assumes to be in the consciousness of the addressee at the time of the utterance. So-called new information is what the speaker assumes he is introducing into the addressee's consciousness by what he says." (Chafe 1976).

#### 3.2.3 "Hreyfiafl" liða (communicative dynamism, CD):

"By the degree of CD carried by a sentence element we understand the extent to which the sentence element contributes to the development of the communication, to which it 'pushes the communication forward', as it were ... within a sentence section made up entirely of elements conveying new information, the degrees of CD are not the same ..." (Firbas 1964).

- (24)a Það var maður drepinn í nótt  
 b Það var drepinn maður í nótt
- (25)a Það var einhver drepinn í nótt  
 b ??Það var drepinn einhver í nótt

### 3.3 Krafan um óákveðni

- (26) Það var troðfullur salurinn þegar frumsýningin hófst
- (27) Það eru komnir allir strákarnir í götunni
- (28) Það ætlaði aldrei að verða búin rigningin
- Notkun greinis; afturvísandi:

- (29)a Ég sá undarlegan mann í bænum í gær  
 b Það var rigning, og pollar úti um allt  
 c  $\left. \begin{array}{l} \text{Maðurinn} \\ \text{Maður} \\ \text{Það var maðurinn} \end{array} \right\} \text{ var } \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right\} \text{ að vaða í pollunum}$
- (30) ??Það var troðfullur salurinn
- (31) ??Það eru komnir strákarnir
- (32)a \*Það kom hann til mín í gær  
 b \*Það kom til mín hann í gær  
 c \*Það kom til mín í gær hann
- (33) Það kom til mín í gær hann barna hálfvitinn á neðri hæðinni ...
- (34) Það er kominn til okkar í stúdíó 4 hér á Skúlagötunni Jón Jónsson, og ætlar að segja okkur ...
- (35) Það er ráðherra á gangi fyrir framan Árnagarð
- (36) ??Það er forsætisráðherra á gangi fyrir framan Árnagarð

### 3.4 Hvers vegna þyngsli?

- (37) Ég mætti konunni í gráa húsinu áðan
- (38) Guðmundur bjargaði gamla karlinum sem býr í hrörlega kofanum við sjóinn frá drukknun

- 3.5 Niðurstöður: Það sem skiptir máli varðandi frestun liða er ekki formleg einkenni, heldur upplýsingagildi. Hlutverk FF, FÓF og FPNL er hið sama, þ.e. að fresta nýjum (og mikilvægum) upplýsingum.